

VIÐ ERUM Á SNAPCHAT!



# SOS BARNAPORPIN

FRÉTTABLAÐ 3. TBL. 22 ÁRG. 2017



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

**FRÉTTABLAÐIÐ ER FJÁRÖFLUN!**

REIKNINGSNÚMÉR FYRIR FRAMLÖG:  
0130-26-9049,  
KT. 500289-2529

*Eða sendu skilaboðin SOSJOL í 1900  
og gefðu þannig 1900 kr.*



## UNGMENNARÁÐ SOS BARNAPORPANNA

Ungmennaráð SOS Barnaþorpanna hefur nú starfað í eitt ár. Petra Ísold Bjarnadóttir var endurkjörin formaður ungmennaráðs SOS Barnaþorpanna á aðalfundi ráðsins í september. Þá var Lilja Helgadóttir kosin varaformaður og Gunnar Dofri Viðarsson gjaldkeri.

Þá voru meðlimir ráðsins fyrir árið 2017-2018 kosnir og um er að ræða níu einstaklinga. Við hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi hlökkum til að vinna áfram með þessum flottu ungmönnum.

Kosnir meðlimir ungmennaráðs SOS Barnaþorpanna:

Kornelía Þöll M. Bjarnadóttir

Birta Ýr Jónasdóttir

Jim

Gunnar Dofri Viðarsson - gjaldkeri

Petra Ísold Bjarnadóttir - formaður

Saga Rut Sunnevudóttir

Lilja Helgadóttir - varaformaður

Senía Guðmundsdóttir

Sunna Líf Kristjánsdóttir



## FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

# Englar á bak við tjöldin

- Gangavörðurinn eða stuðningsfulltrúinn sem fáir vita af en er lykilpersóna í vellíðan nokkurra barna í skólanum.
- Óeigingjarna og ósérhlífna amman sem fer ekki hátt með skoðanir sínar en heldur stórfjölskyldunni saman með samskiptahæfileikum sínum og ást.
- Húsvörðurinn sem læðist með veggjum og aldrei fær þakkir en án hans væri andrúmsloftið á staðnum mun verri í tvennum skilningi.

Við þekkjum öll svona fólk. Fólk sem gerir kraftaverk án þess að eftir sé tekið og lifir fyrir það að þjóna, gleðja og hjálpa öðrum án þess að vilja hrós fyrir.

SOS Barnaþorpin eiga líka svona engla á bak við tjöldin.

Í landi einu í Suður-Evrópu býr ungur maður. Hann kom til landsins sem fylgdarlaust flóttabarn og fékk heimili og fjölskyldu í SOS Barnaþorpi. Hann lauk námi í bifvélavirkjun, útskrifaðist úr barnaþorpinu og fékk vinnu á bifvélaverkstæði í nágrenni barnaþorpsins. Og sjá, engill varð til.

Ungi maðurinn fór að venja komur sínar í barnaþorpið að vinnudegi loknum til að hitta ungmenni og ræða við þau um áhugamál sitt, vélar og viðgerðir. Daglega hittir hann ungmenni og saman gera þau við létt bifhjól, sláttuvélar og jafnvel reiðhjól.

Hann er ekki starfsmaður í hefðbundnum skilningi þess orðs. Hann er ekki á launaskrá og hann er ekki nefndur á nafn í bréfum til styrktaraðila. Samt gegnir hann lykilhlutverki í lífi nokkurra SOS ungmenna í þorpinu og er þeim mikil og góð fyrirmynd.

**Hann er engill á bak við tjöldin.**

**Það ert þú líka.** Styrktaraðilar eru sjaldnast í kastljósinu fyrir góðverk sín. Þeir vinna þau á bak við tjöldin og halda fjárhagslega uppi öllu því frábæra starfi sem hinir englarnir sinna á vettvangi með börnunum. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Gleðilega hátíð og takk fyrir að vera engill á bak við tjöldin!

Ragnar Schram



**Útgefandi:** SOS Barnaþorpin á Íslandi  
**Ábyrgðarmaður:** Ragnar Schram  
**Ritstjóri:** Sunna Stefánsdóttir  
**Heimilisfang:** SOS Barnaþorpin  
Hamraborg 1 | 200 Kópavogi  
**Sími:** 564 2910  
sos@sos.is | www.sos.is  
**Umbrot:** Hype Markaðsstofa  
**Prentun:** Oddi  
**Prófarkalestur:**  
Ragnar Ingi Aðalsteinsson  
**Forsíðumynd:** Stúlka í SOS leikskóla  
sem staðsettur er í flóttamannabúðum  
í Grikklandi.



# FORSETAFRÚ Í JÓRDANÍU

## ELIZA REID HEIMSÓTTI VERKEFNI SOS BARNÞORPANNA Í JÓRDANÍU

„Mér fannst mjög forvitnilegt að fá tækifæri til að heimsækja Jórdaníu og kynna mér verkefni SOS barnaþorpanna þar,“ segir Eliza Reid sem dvaldi þar nokkra daga í haust. Hún nýtti tækifærið sem sendiherra SOS barnaþorpanna og kynnti sér starfsemi samtakanna í landinu.

„Við byrjuðum á því að fara í barnaþorpið í Amman en þar búa um 70 börn. Þorpið var afar fallegt. Nýlega var haldið upp á 30 ára afmæli þess og því segir það sig sjálft að eftir svo langan tíma eru endurbætur tímabærar. Búið var að taka nokkur hús í gegn og önnur biðu. Öll voru húsin mjög snyrtileg og það var sérstaklega gaman að sjá hvernig þau voru máluð á mismunandi hátt, eftir því hvernig smekk SOS móðirin og fjölskyldan hafði,“ segir Eliza.

Eliza skoðaði einnig leikskólann í þorpinu. „Leikskólinn er opinn börnum í hverfinu ásamt þeim sem búa í þorpinu en við komum á föstudegi og þá voru börnin í frí. Leikskólinn var mjög fallegur og leiktækin utandyra nýttust börnunum vel,“ segir Eliza.

Á síðustu árum hefur SOS barnaþorpið í Amman dregið úr rafmagnskostnaði með ýmsum hætti. Meðal annars hafa sólarorkuplötur verið settar upp og nýtast vel en það er leið sem mörg SOS barnaþorp í heiminum hafa fetað. „Við heimsóttum fjölskyldurnar á heimili þeirra og við fundum hvað börnunum leið vel. Þau voru glöð og ekkert feimin á meðan mæðurnar voru aðeins meira til baka. Inni í húsunum voru listaverk eftir börnin og verðlaunapeningar á

veggjum sem gerðu heimilin hlý og persónuleg,“ segir Eliza. „Þá var greinilegt hvað fullorðna fólkið þekkti öll börnin vel og við upplifðum mikla hlýju í garð barnanna bæði frá mæðrunum en einnig starfsfólki í þorpinu og þar í kring.“

Eliza heimsótti einnig ungmennaheimili þar sem hún hitti nokkrar ungar konur sem ólust upp í þorpinu en eru nú að stíga sín fyrstu skref sem fullorðnir einstaklingar. Í Jórdaníu eru ungmennaheimilin kynjaskipt og eru strákar því á öðru heimili. Stúlkurnar voru allar í námi og þó þær séu enn undir verndarvæng SOS fjölskyldna sinna halda þær nú sitt eigið heimili og eru sjálfstæðari en áður. „Stúlkurnar á heimilinu voru mjög skemmtilegar,“ segir Eliza. „Þær voru opnar og þarna var góður andi. Við spjölluðum um allt milli himins og jarðar. Þær stefndu allar langt í lífinu, ætluðu margar að verða lögfræðingar og fatahönnuðir og voru þá í námi tengdu því.“

„Svo var okkur boðið í hádegismat á einu heimilinu í þorpinu og fengum afar ljúffengan mat,“ segir Eliza. „Og það var um það bil tveggja vikna skammtur á einum disk,“ segir hún og hlær. „Þarna voru hrisgrjón, lambakjöt, kjúklingur, vínberjalauf fyllt með hrisgrjónum, alls kyns sósur og salöt og er þá ekki allt talið,“ segir hún.

Eftir hádegi var keyrt á annað stað í Amman þar sem SOS Barnaþorpin eru með neyðarverkefni. „Það var auðvitað mikil upplifun,“ segir Eliza en Jórdanía hefur tekið á móti miklum fjölda flóttamanna undanfarið.



„Í neyðarverkefni SOS eru bæði Sýrlendingar og Jórdanar en gríðarlegur fjöldi sýrlenska flóttamanna er í Jórdaníu. Um 600 þúsund skráðir sýrlenskir flóttamenn eru í landinu en talið er að 1,5-2 milljónir séu þar óskráðar,“ segir Eliza. Í þessu verkefni sinnir SOS almennri neyðaraðstoð en skjólstaðingar fá einnig sálfræðiaðstoð og geta jafnframt sótt námskeið, til dæmis í saumaskap eða viðskiptum. Þá er menntun barna líka stór þáttur í neyðaraðstoðinni og Eliza heimsótti skóla á vegum SOS. „Þar voru flóttabörn, bæði frá Sýrlandi og Jórdaníu, en þessi skóli var á unglingastigi, ég held að yngsti nemandinn hafi verið tíu ára. Í skólanum var verið að kenna stærðfræði, ensku, arabísku og margt fleira,“ segir Eliza. „Þarna voru mörg börn sem höfðu aldrei áður sótt skóla, eða höfðu reynt það án þess að það gengi upp. Ég man sérstaklega eftir einum dreng sem heitir Achmed og er tólf ára. Hann er sýrlenskur flóttamaður, búinn að missa nokkra fjölskyldumeðlimi og þetta var í fyrsta sinn sem hann sótti skóla. Hann var meðal annars að læra að lesa. Achmed litli er í afar viðkvæmri stöðu og vonin um nýtt líf og upphaf skiptir sköpum – og að hann finni að hann skipti máli,“ segir Eliza. „Kennarnir og sálfræðingarnir í neyðarverkefninu eru að gera gríðarlega góða hluti. Börnin dýrkuðu kennarana og andrúmsloftið var gott, þrátt fyrir allt.“

Elizu þótti afar fróðlegt að kynnast fjölbættum verkefnum SOS barnaorpanna í Jórdaníu: „Ég hef verið styrktaraðili lengi og því frábært að sjá hvernig peningunum er varið,“ segir hún.



# FJÖLSKYLDUEFLING Í EPÍÓPÍU

Fjölskylduefling SOS Barnaþorpanna í Tulu Moye í Eþíópíu hefst í janúar. Um er að ræða verkefni sem SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna að öllu leyti ásamt utanríkisráðuneyti Íslands.

Á síðasta ári styrkti utanríkisráðuneytið hagkvæmniathugun SOS á Tulu Moye svæðinu og er verkefnið núna beint framhald þeirrar athugunar, enda leiddi hún í ljós mikla þörf fyrir aðgerðir á svæðinu.

Fjölskylduefling SOS Barnaþorpanna í Tulu Moye mun styðja við 1500 börn og forráðamenn þeirra sem berjast við fátækt. Skjólstæðingar verkefnisins fá meðal annars aðgang að heilsugæslu, mataraðstoð, menntun og fræðslu ásamt því að þeir geta fengið örlán frá SOS Barnaþorpunum. Þá fá allar fjölskyldurnar í verkefninu sólarorkuknúið vatnshreinsitæki sem metur hvenær vatn er orðið drykkjarhæft.

Aðaláhersla samtakanna er að vinna náið með héraðsyfirvöldum, stofnunum, samtökum og öðru heimafólki við að efla hæfni og getu þeirra til að mæta þörfum barna þannig að fjölskyldur geti staðið á eigin fótum og tryggt velferð barna sinna til framtíðar.

Fjölskylduvinir styðja við Fjölskyldueflingu SOS og munu framlög þeirra renna annars vegar í þetta verkefni í Eþíópíu og hins vegar í sambærilegt verkefni í Perú. Það er starfrækt í höfuðborg landsins, Líma, og fá yfir 600 börn og fjölskyldur þeirra aðstoð frá samtökunum. Helstu þættir Fjölskyldueflingar í Líma eru meðal annars menntun barna og foreldra, mataraðstoð, aðgangur að heilsugæslu og tannlækningum.





# ÍBÚÐIN SELD

Eins og við höfum áður greint frá barst SOS Barnaþorpinum á Íslandi vegleg erfðagjöf fyrr á þessu ári. Um var að ræða íbúð hjónanna Renate Scholz og Ásgeirs Kristjóns Sörensen í Hafnarfirði. Renate lést árið 2015 en Ásgeir 2009. Samkvæmt upplýsingum frá nánum vini þeirra hjóna var sú ákvörðun þeirra að SOS Barnaþorpin skyldu erfa íbúðina tekin af þeim báðum á meðan Ásgeir var enn á lífi.

Íbúðin hefur þegar verið seld og nam söluandvirði hennar 37,5 milljónum króna sem rennur að fullu til samtakanna og bíður nú stjórnar að ráðstafa þeim fjármunum.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gerði kröfu um að SOS Barnaþorpin greiddu erfðafjárskatt af arfinum en samtökin höfnuðu þeirri kröfu þar sem ný lög höfðu tekið gildi áður en til skipta dánarbúsins kom. Í nýju lögnum eru góðgerðarsamtök felld utan greiðsluskyldu erfðafjárskatts. Endaði málið fyrir yfirskattanefnd sem úrskurðaði SOS Barnaþorpinum í vil og þurfa samtökin því ekki að greiða erfðafjárskatt af þessari erfðagjöf eða öðrum þeim sem síðar kunna að berast samtökunum.

# SPURT & SVARAÐ

Styrktaraðilum SOS Barnaþorpanna hefur fjölgað hratt og örugglega undanfarin ár. Sömu spurningarnar virðast þó ávallt brenna á styrktaraðilum okkar og því langar okkur til að svara helstu spurningunum sem koma á borð starfsfólks SOS Barnaþorpanna á Íslandi.

## ***Hvenær fara börnin úr þorpunum?***

Allur gangur er á því. Margir virðast halda að börnin séu send úr þorpunum við átján ára aldur en það er ekki. Víðsvegar um heiminn virðast börnin sífelld dvelja lengur í foreldrahúsum og það á líka við börnin í SOS Barnaþorpunum. Sem betur fer hafa börnin mikla möguleika á framhaldsnámi og oft eru þau um tvítugt þegar þau yfirgefa þorpið, stundum fyrr en stundum síðar. Ef ungmenni er orðið 23 ára og enn í þorpinu, er klippt á stuðning styrktarforeldra og SOS sér alfarið um framfærsluna.

## ***Má senda gjafir til styrktarbarna?***

Að sjálfsgöðu. Hins vegar er pósthjónustan misgóð og því getum við ekki ábyrgst að pakkinn berist alla leið, þó hann geri það nú í flestum tilvikum. Við biðjum styrktarforeldra um að senda eitthvað hóflegt og eins er frábært ef fleiri börn á heimilinu geta líka nýtt hlutinn. Þá er gott að miða við að gjöfin komist fyrir í stórt brúnt umslag þar sem það er líklegra að berast alla leið frekar en stór pakki.

## ***Ef ég ætla að senda styrktarbarninu mínu peningagjöf inn á framtíðarreikning, er öruggt að barnið fái peninginn?***

Já, allar framtíðargjafir eru sendar óskiptar út. Fjárhæðin sem þú gefur fer inn á framtíðarreikning þíns barns í viðkomandi landi. Börnin fá aðgang að reikningnum þegar þau yfirgefa þorpið og fá þá ráðgjöf um hvernig best sé að nýta fjármunina. Algengt er að peningarnir nýtist t.d. í íbúðakaup, enn frekari menntun eða atvinnurekstur.





## SENDIHERRASPJALL

*Hera Björk Þórhallsdóttir er einn af þremur velgjörðarsendiherrum SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Hún hefur sinnt því starfi síðan árið 2009 en hlutverk sendiherra er m.a. að vekja athygli á starfsemi SOS Barnaþorpanna, koma að viðburðum og halda gildum fjölskyldunnar og réttindamálum barna á lofti eftir fremsta megni.*

Ég elska jólin, ég bara ræð ekki við mig í allri samkenndinni og kærleikanum. Og þau forréttindi að fá að syngja á þessum árstíma með allskyns dýrindis fólki, kórum og tónlistarmönnum, veitir mér ómælda ánægju og gleði og þar eru blessuð börnin alltaf einstök. Það að heyra barnaraddir hljóma óhræddar og fagrar er eitthvað sem fyllir sálartetrið kærleika og ýtir til hliðar hversdagsamstri og áhyggjum. Við eigum að hlusta meira á börnin okkar, þau eru beintengd hjartastöðinni í veröldinni og segja sannleikann svo óhikað og skemmtilega.

Ég er búin að bera heiðurstílinn „Velgjörðarsendiherra SOS Barnaþorpanna“ í átta ár og er mjög stolt af. Ég tek ofan fyrir ykkur öllum sem leggið þessu og/eða öðrum góðum málefnum lið. Það er nefnilega svo auðvelt að gera það ekki og taka þá ákvörðun að láta sig svona ekki varða. En ef það er eitthvað sem er mikilvægt í þessu lífi þá eru það blessuð börnin í veröldinni sem eiga engan að og sú staðreynd að þau þurfa umfram allt ást og umhyggju og handleiðslu.

Takk enn og aftur fyrir að vera og gera! Já og gleðilega hátíð öll sem eitt og verum áfram góð við hvert annað og tendrum ljós með brosi í allar áttir.



# SJÁLFBODALIÐI Í SUMARFRÍINU

Nichole Leigh Mosty

Þegar ég var barn í grunnskóla í Bandaríkjunum lýsti ég ávallt sumarfríinu fyrir samnemendum mínum í upphafi skólaársins. Slík var hefðin. Aldrei hefði ég ímyndað mér að þetta yrði eitthvað sem mig myndi langa til að gera á fullorðinsárum. Í dag langar mig nefnilega að kalla til allra hvernig sumarfríið mitt var, ég starfaði með börnum á flóttu og ég elskaði það!

Ég varði fimm og hálfri viku af sumarleyfi mínu frá Alþingi í að gefa til baka, þökk sé SOS Barnaþorpinum. Ég fékk þann heiður að fara sem sjálfboðaliði til Grikklands og starfa með börnum á flóttu. Nú sit ég hér með þakklætistár í augum að skrifa um þessa dýrmætu reynslu en ég er líka með smá samviskubit yfir því að vera þar ekki ennþá og veita fólki aðstoð. En við vitum öll að SOS Barnaþorpin í Grikklandi eru þarna til að svara köllun. Tölfræðin um hversu margir flóttamenn og hælisleitendur eru í Grikklandi er mjög breytileg og fer eftir því við hvern þú talar. Opinber tölfræði á vef gríska ráðuneytisins hefur ekki verið uppfærð síðan árið 2016 og þar stendur að 51.091 umsókn hafi verið afgreidd

og 28.030 séu í vinnslu og engin opinber tölfræði er fyrir árið 2017. Hins vegar segja nýjustu fréttir að yfir 2.000 manns hafi komið mánaðarlega síðan í ágúst sem sýnir okkur hversu stórt vandamálið er.

Staðreyndin er sú að Grikkland er enn að glíma við afleiðingar hrunsins sem skall á fyrir tíu árum. Sem dæmi má nefna að lífeyrisþegar fá einungis 490 evrur á mánuði sem gera rúmlega 50 þúsund íslenskar krónur, atvinnuleysi í landinu er yfir 25%, innviðirnir eru í molum og allt of mikið álag er á heilbrigðis- og menntakerfi. Samt sem áður er stefna grískra yfirvalda að reyna eftir bestu getu að aðlaga flóttamenn og hælisleitendur samfélaginu. Þar koma alþjóðleg samtök eins og SOS Barnaþorpin sterk inn.

Grísk yfirvöld lofuðu fyrir tæplega einu og hálfu ári síðan að efla starfsemi sem snýr að menntun barna, þ.e. að koma börnum í skóla eða finna leið til þess að mennta þau á annan hátt. SOS Barnaþorpin hafa tekið virkan þátt í þessari vinnu og reka samtökin meðal annars skóla í þremur af stærstu flóttamannabúðum



í Grikklandi. Áhersla er lögð á tungumálakennslu og félagsþroska ungs fólks. Verkefnum SOS Barnaþorpanna er sinnt þverfaglega þar sem kennarar, félagsfræðingar og sálfræðingar vinna saman við að móta verkefni og umhverfi flóttamanna.

En aftur að minni reynslu. Ég starfaði fyrstu tvær vikurnar í leikskóla sem SOS í Grikklandi reka innan Eleonas flóttamannabúðanna sem staðsettar eru í iðnaðarhverfi rétt fyrir utan Apenu og er falið hinum almenna borgara. Umhverfið í kringum Eleonas er hræðilegt. Ekkert gras, gróður eða útsýni, bara gamalt og yfirgefið iðnaðarhúsnæði. Yfir 3.000 flóttamenn eru í Eleonas, þar af 600 börn. Inni í búðunum eru margir 33 fm. gámar og búa yfirleitt tvær fjölskyldur saman í gámi. Um er að ræða opnar búðir þar sem fólk má koma og fara, en þó innan ákveðins ramma. Fólk fær mat og föt og ýmis alþjóðleg hjálparsamtök bjóða upp á afþreyingu fyrir flóttamennina. Þarna er mjög fjölbreytt samsetning af flóttamönnum frá Afríku og Mið-Austurlöndum en flestir eru frá Sýrlandi, Afganistan og Pakistan.



Börn á grunnskólaaldri fara daglega út fyrir Eleonas og sækja menntun í skólum og félagsmiðstöðvum sem taka á móti flóttabörnum. Innan Eleonas reka SOS Barnaþorpin eina leikskólann og þar starfaði ég. Þegar ég gekk fyrst upp að gáminum sem hýsti leikskólann varð ég glöð að sjá hversu fallega gámurinn var málaður, ásýndin var glaðleg. Þegar ég steig inn í leikskólagáminn var ég komin heim. Þarna var alvöru leikskóladeild með öllum aðbúnaði og efnivið sem kennarar þurfa til þess að stuðla að félagslegum þroska, máltjáningu, kenna í gegnum leik og já, njóta nærveru hvers annars. Alveg eins og hérna heima á Íslandi.

Í leikskólanum vorum við að vinna með börnum frá Sómalíu, Sírlandi, Pakistan, Afganistan, Íran og Írak. Leikskólakennarar og leiðbeinendur unnu saman við að efla tjáningu og kenna grísku og ensku. Markmiðið var að undirbúa börnin fyrir væntanlegan flutning frá Eleonas og inn í grískt samfélag. Ég starfaði á þessum yndislega leikskóla í tvær vikur sem voru allt of fljótar að líða. Ég sá við hvaða forréttindi við búum hér á Íslandi.

Ég lærði einnig hversu mikilvægt það er að börn fái tækifæri til þess að brosa og njóta barnsku sinnar, eitthvað sem við hérna heima tökum sem sjálfsögðum hlut. Börn á flóttu sjá og upplifa hluti sem þau eiga ekki að gera. Eftir þessa dvöl er ég sannfærð um það að okkar hlutverk í lífinu er að létta á byrðinni sem sett er á axlir flóttabarna og gera allt í okkar valdi til þess að vernda barnsku þeirra.

Ög þá var komið að næstu tveimur vikum. Þeim varði ég með fylgdarlausum flóttabörnum. Í Aþenu eru tvö SOS heimili fyrir fylgdarlausu stráka. Ég vann eina og hálfu viku á öðru heimilinu og fékk dágóða kynningu á hinu. Á heimilinu búa hátt í 25 strákar á aldrinum 9-20 ára en flestir þeirra voru frá Sírlandi og Afganistan. Allir nema þrír strákar voru að bíða eftir fjölskyldusameiningu í öðrum löndum. Á heimilinu störfuðu kennarar, uppeldisfræðingar, sálfræðingar, félagsfræðingar og lögfræðingur. Strákarnir fengu að fara inn og út af heimilinu til þess að fara í skóla, sækja æfingar hjá íþróttafélögum eða í ræktina, klippingu, skreppa út í búð, sækja félagsskap á torginu, í tónlistarkennslu og



einn þeirra var í listanámi. Ég tengdist þó nokkrum strákum á heimilinu og viðurkenni að hjarta mitt þráir að vita hvort þeir séu öruggir og hvort þeir hafi komist á leiðarenda. Ekkert barn á að vera á slíku ferðalagi en flestir þessara drengja vilja bara mennta sig og flytja aftur í heimalandið þegar það er öruggt.

Í Serres sem er í norðurhluta Grikklands dvaldi ég eina viku með fylgdarlausum flóttastelpum. Þegar ég kom voru þær einungis þrjár þar sem tvær fóru vikuna áður. Kannski er gott að nefna að þær fóru sjálfar af heimilinu en með aðstoð smyglara ætlaði ein til Frakklands og hin til Þýskalands. Hvort þær hafi komist á leiðarenda veit ég ekki. Þær þrjár sem ég kynntist voru á aldrinum 12-19 ára. Ein þeirra var einstæð móðir með eins og hálfis árs barn með sér. Þegar hún fór frá Sírylandi var barnið hennar einungis þriggja mánaða. Ein þeirra var á leið aftur til fjölskyldunnar sinnar sem var í flóttamannabúðum í Grikklandi. Foreldrar hennar gáfu hana til erlendra hjóna sem voru svo stoppuð við landmærin og barnið tekið inn til SOS á meðan leitað var að foreldrum hennar. Hinar tvær voru mögulega sterkustu konur sem ég hef kynnst með ferðasögu á bakinu sem ég er enn að reyna að átta mig á. Þær voru báðar að bíða eftir fjölskyldusameiningu í Þýskalandi. Mér finnst mjög erfitt að lýsa tímanum með stelpunum sem var svo persónulegur og lærdómsríkur á sama tíma. Sem dæmi get ég nefnt að einn dag vorum við að ganga á markaðinn og ein þeirra, sem var mjög passasöm með þá litlu peninga sem hún átti, sá gamla konu sem var augljóslega veik og fátæk. Þetta fylgdarlausu og einstæða barn frá Sírylandi tók upp nokkrar evrur sem hún var með í veskinu og gaf gömlu konunni og sagði á grísku „Guð blessi þig“.

Síðustu vikuna sem ég dvaldi á Grikklandi fórum við í flóttamannabúðir um land allt. Við enduðum á Lesbos. Sú eyja er frægust fyrir innrás milljóna manna á flóttu árið 2015. Á Lesbos eru tvær flóttamannabúðir, aðrar þeirra eru opnar með mikla starfsemi fyrir flóttafólk, sérstaklega börn. SOS Barnaþorpin starfa þar og ríkir gleði milli manna sem nýta þjónustu og menntun sem boðið er upp á. Hinar eru lokaðar, meira eins og fangelsi og þar eru einnig börn, fylgdarlaus börn sem búa í óvissu um framtíð sína. Mikilvægt er að við lærum af reynslu þeirra sem eru í fremstu víglínu, eins og SOS Barnaþorpin sem gera allt til þess að bæta líf barna og barnafjölskyldna á flóttu. Ég mun ávallt vera þakklát fyrir reynsluna og viðurkenni að mig langar aftur út í heiminn til þess að styðja við neyðaraðstoð SOS við börn á flóttu og í neyð.





## FRÁBÆRT ÁR

Framlög Íslendinga til SOS Barnaþorpanna árið 2016 voru 500 milljónir. Framlögin hafa aldrei verið hærri en þau jukust um 8% á milli ára. Frá stofnun SOS Barnaþorpanna á Íslandi árið 1989 hafa framlög Íslendinga numið 5,7 milljörðum króna á verðlagi dagsins í dag.

Alls styrktu um 25 þúsund einstaklingar SOS Barnaþorpin árið 2016 og er þá bæði um að ræða mánaðarlega styrki og frjáls framlög, meðal annars vegna neyðarverkefna. Alþjóðasamtök SOS sinntu neyðaraðstoð í 28 löndum og hafa þau aldrei verið fleiri. SOS á Íslandi tók þátt í 13 neyðar- og uppbyggingarverkefnum og voru 72,4 milljónir króna sendar út í þau verkefni.

Framlög Styrktarforeldra og Barnaþorpsvina námu 350,1 milljón króna, eða 70% af heildarframlögum til samtakanna, sem sýnir hve máttur þeirra er mikill.

Alls fóru 81% tekna SOS á Íslandi til erlendra verkefna, bæði til barnaþorpa og í neyðar- og uppbyggingarverkefni. 19% tekna voru nýtt á Íslandi t.d. í fjölgun nýrra styrktarforeldra, fræðsluverkefni í skólum og leikskólum og launa- og skrifstofukostnað. Samtökin hafa alla tíð reynt að halda kostnaði í lágmarki sem sýnir sig í því að aðeins eru 4,6 stöðugildi á skrifstofu samtakanna.



## SOS & EXTRA

Nú í október og nóvember áttu SOS Barnaþorpin í samstarfi við Innnes hf þar sem ágóði af hverjum Extra tyggjópakka sem seldur var á Íslandi rann í tannheilsuverkefni samtakanna í Gana og Botsvana. Við vorum afar ánægð með viðtökurnar og þakklát Íslendingum fyrir að taka þátt í þessu með okkur. Einnig þökkum við Innnes hf og Extra fyrir samstarfið.

# Öðruvísi Jóladagatal



-Sælla er að gefa en þiggja

SOS Barnaþorpin buðu nemendum í grunnskóla að taka þátt í verkefninu Öðruvísi jóladagatal í desember en þetta var í annað sinn sem verkefnið fer fram. Verkefnið tókst vonum framar en yfir 2000 nemendur tóku þátt í Öðruvísi jóladagatali í ár.

Áhersla var lögð á að færa athyglina frá því að þiggja yfir í að gefa í jólamánuðinum. Nemendur horfðu á eitt stutt myndband á dag þar sem þeir kynntust lífi barna frá ýmsum löndum. Eftir áhorfið var efnið svo rætt og spönnuðust oft ansi áhugaverðar umræður.

Nemendur gerðu eitt heimilisverk á tímabilinu og fengu fyrir viðvikið vasapening frá foreldrum eða forráðamönnum. Peningurinn var settur í umslag og því skilað í skólann. Fjárhæðin sem safnaðist í ár rennur til SOS Fjölskyldueflingar í Kósóvó en þar fá fátækar barnafjölskyldur aðstoð til sjálfshjálpar.

Við þökkum öllum nemendum, sem tóku þátt í Öðruvísi jóladagatali, kærlega fyrir!



Krakkarnir í Blönduskóla að opna fyrsta gluggann í Öðruvísi Jóladagatali.

*Gledileg jól og  
farsælt komandi ár!  
Við þökkum kærlega fyrir  
stuðninginn á liðnu ári.*



**Styrktu verkefni  
SOS Barnaporpanna um jólin!**

**FRÉTTABLAÐIÐ ER FJÁRÖFLUN!  
REIKNINGSNÚMER FYRIR FRAMLÖG  
0130-26-9049,  
KT. 500289-2529**

**Eða sendu skilaboðin SOSJOL í 1900  
og gefðu þannig 1900 kr.**



**SOS  
BARNAPORPIN**  
Öll börn vilja gott heimili

